

Hafnarfirði, 7. febrúar 2022

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Skólastarfið, nú þegar komið er fram í **5. viku vorannar**, hefur gengið vel, þrátt fyrir heimsfaraldur og óveður síðustu daga. Á tímum sem þessum, þegar forföll eru tíð, þá er afar mikilvægt að nemendur stundi námið vel þegar þeir geta og séu virkir, þ.e. mæti vel, skili verkefnum og taki þau hlutapróf sem eru á dagskrá hverju sinni.

Það er margt sem við gerum til að styðja við nemendur í námi. **Ritverið er opið fjóra daga vikunnar** þar sem nemendur geta fengið stuðning við verkefnaskil, ritgerðarskrif og tekið forfallapróf. **Stærðfræði- og raungreinaverið**, nokkurs konar aukatími nemendum að kostnaðarlausu, er í boði alla þriðjudaga strax að lokinni kennslu í stofu H202. Ég hvet nemendur til að nýta þessa þjónustu enda einstakt tækifæri til að klára að reikna skiladæmi eða undirbúa sig fyrir næsta hlutapróf með stuðningi kennara. Allar nánari upplýsingar um þetta má finna á **heimasíðu skólans**, en þar er einnig hægt að bóka tíma hjá **nemendapjónustu skólans**, ef aðstoðar er þörf við skipulagningu námsins.

Til viðbótar við þetta er svokallaður **uppsópsdagur** framundan, **föstudaginn 11. febrúar**. Þann dag verður **kennslufri, þ.e. engin kennsla í húsi** en nemendur geta nýtt daginn til að vinna upp þau verkefni sem út af standa vegna óviðráðanlegra forfalla eða undirbúið næstu verkefni, svo ekki sé talað um að hlaða batterín fyrir næstu vikur.

Að lokum, við hvetjum alla til þess að fylgjast vel **með upplýsingum um námið í INNU og helstu fréttum úr skólastarfinu** á heimasíðu skólans og samfélagsmiðlum.

Gangi ykkur öllum vel – áfram Flensborgarar!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594